



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember, 2022

**Umsögn Samtakanna '78 um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð), þskj. 45, 45. mál.**

Samtökin '78 – félag hinsegin fólks styður lagabreytingafrumvarpið í núverandi mynd og taka fyllilega undir greinargerð sem því fylgir. Bælingarmeðferð er gróft ofbeldi sem á ekki að líðast í samfélaginu heldur á hver manneskja rétt á því að lifa eins og hún er, óháð því að finna fyrir mótlæti, óréttlæti og ofbeldi.

Það er stefna Samtakanna '78 að allt hinsegin fólk eigi að finna fyrir öryggi í sinni kynhneigð og kynvitund, sem og með sín kyneinkenni og kyntjáningu.

Virðingarfyllt,

Álfur Birgir Bjarnason, formaður Samtakanna '78